




Skaftá hjá Kirkjubæjarklaustri. Brýrnar voru byggðar 1953 og eru orðnar heldur lúnar. Þær eru líka einbreiðar.



Nýjar brýr á Skaftá. Þær verða tvíbreiðar með gangbraut. Grjótvörn er á fyllingum til að verjast vatnavöxtum. Tölvumynd: brúardeild Vegagerðarinnar.



Framkvæmda- fréttir 14. tbl. /03



Brýr á Skaftá

Í næstu viku verður auglýst útboð brúa- og vegagerðar um Skaftá hjá Kirkjubæjarklaustri. Um er að ræða tvær brýr, 20 m og 26 m langar, vegtengingu á milli brúnna og tengingu við núverandi veg. Heildarlengd vegar er 114 m. Undanskilið er efra burðarlag og klæðing. Í útboðinu felst einnig bygging bráðabirgðavega og rif á núverandi brúm. Einnig þarf að fjarlægja klappir á milli kvísla.

Brýrnar verða með 7,5 m breiðri akbraut, 1,95 m breiðri gangbraut og 0,5 m breiðum bríkum. Heildarbreidd brúa er 10,7 m. Á bríkum brúnna verður sett vegrið með handriði en vegrið á milli gangbrautar og akbrautar.

Brúadeild Vegagerðarinnar hannaði brýrnar. Sjá tölvugerða útlitsmynd á baksíðu.

Auglýsingar útboða

Efnisvinnsla á Suðurlandi 2003 03-067

Vegagerðin, Suðurlandsmæmi, óskar eftir tilboðum í efnisvinnslu í 5 námum á Suðurlandi árið 2003.

Helstu magntölur: malarslitlagsefni 21.000 m³, klæðingarefni 11.000 m³.

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 5. maí 2003. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 mánudaginn 19. maí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Niðurstöður útboða

Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut 01-016

Tilboð opnuð 28. apríl. Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut.

Helstu magntölur í veghluta eru: skeringar í laus jarðlög 135.000 m³, bergskeringar 117.000 m³, fylling og neðra burðarlag 74.000 m³, efra burðarlag 7.900 m³, malbik 70.000 m² og ofanvatnsræsi 3.800 m.

Helstu magntölur steyptra mannvirkja eru: mótafletir 7.300 m², steypustyrktarjárn 343.000 kg, spennistál 38.000 kg og steinsteypa 2.950 m³.

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	960.000.000	100,0	321.631
6	Háfell ehf., og Eykt ehf., Reykjavík	955.000.000	99,5	316.631
5	Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni	874.949.775	91,1	236.581
4	Íslenskir aðalverk-takar hf., Reykjavík	821.425.547	85,6	183.057
3	Loftorka Reykjavík ehf. og Suðurverk ehf., Reykjavík	810.099.100	84,4	171.730
2	Kæðning hf., Kópavogi	757.988.300	79,0	119.619
1	Ístak hf., Reykjavík	638.368.849	66,5	0

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 14. tbl. 11. árg. nr. 336 5. maí 2003

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Víktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttatæni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.